

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um staðfestingu starfsreglna stjórnar Flugþróunarsjóðs, nr. 653/2016, með síðari breytingum.

1. gr.

2. mgr. 7. gr. starfsreglna stjórnar Flugþróunarsjóðs, sem birtar eru í fylgiskjali með auglýsingu nr. 653/2016, orðast svo:

Umsækjandi gerir samning við stjórn Flugþróunarsjóðs um framkvæmd markaðssetningar. Í samningnum skal kveðið á um fyrirkomulag á greiðslu styrksins. Samningurinn skal einnig uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Umsækjandi skuldbindi sig til að leggja fram jafnháa upphæð til markaðssetningar og hann fær úr sjóðnum.
2. Áhersla sé á að kynna áfangastaðinn en ekki umsækjandann sjálfan.
3. Svæðið sé kynnt í heild sinni og í kynningarefni sé ekki ein vara á svæðinu kynnt umfram aðra.
4. Kveðið sé á um hvers konar verkefni umsækjanda sé heimilt að ráðast í á grundvelli styrksins.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 29. maí 2020.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Sigrún Brynja Einarsdóttir.

Sunna Þórðardóttir.